

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík, 04.10.2021
Nr. R21100063

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um skýrslu og tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa nr. 173/2021

Reykjavíkurborg fagnar skýrslu og tillögum starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa. Rannsóknir hafa sýnt að ein meginorsök launamunar kynjanna er hversu kynskiptur íslenskur vinnumarkaður er, þ.e.a.s. að konur og karlar gegna ólíkum störfum. Eins og kemur svo vel fram í skýrslunni þá hefur ekki tekist að uppræta þennan launamun, þrátt fyrir að hér hafi lengi verið jafnlaunaákvæði í lögum, enda á hann sér djúpstæðar rætur í sögu okkar og menningu. Mikilvægt er að vinda ofan af þeirri ómeðvituðu hlutdrægni sem kann að vera til staðar og í því skyni er mikilvægt að kafa á dýptina og byggja aðgerðir á þekkingu um stöðu kynjanna og annarra hópa í samfélaginu.

Virðismat starfa hefur hingað til afmarkast við einstaka vinnustaði eða atvinnurekendur og hefur því takmörkuð áhrif í að útrýma launamun sem er tilkominn vegna kynskipts vinnumarkaðar. Þó að lögfesting jafnlaunavottunar hafi verið mikilvægt skref mun hún ein og sér ekki leiðrétta þann launamun sem starfar af kynskiptum vinnumarkaði þar sem hún snýrð að aðgerðum hvers vinnuveitanda fyrir sig en nær ekki að vinna þvert á vinnumarkaðinn. En mikilvægt er að hægt sé að bera saman störf þvert á vinnumarkaðinn og yfir ólíka vinnustaði. Það væri stórt og mikilvægt skref í átt að því að útrýma launamun kynjanna og leiðrétta það misrétti sem felst í hinu kynjaða vanmati á störfum þar sem konur eru í meirihluta. Reykjavíkurborg er einn stærsti vinnuveitandi landsins með rúmlega níu þúsund stöðugildi undir einum launagreiðanda. Hvetur borgin ríkið til að fara að fordæmi sveitarfélaga og nágast launasetningu á sínum vegum út frá þeirri forsendu að ríkið sé einn atvinnurekandi og koma á fót starfsmatskerfi sem stofnanir ríkisins geta byggt launasetningu sína á.

Reykjavíkurborg hefur mikla reynslu af innleiðingu og notkun á starfsmati sem hefur sýnt fram á góðan árangur þegar kemur að því að draga úr launamun kynjanna. Hafa þarf í huga að til að slík kerfi viðhaldi ekki núverandi skekkju þá þarf að hafa til hliðsjónar þekkingu á jafnréttismálum og stöðu ólíkra hópa. Fræðsla og þjálfun skiptir því miklu máli til að verkfærinu sé beitt á réttlátan hátt, ásamt því að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi við ákvörðun viðmiða sem notuð eru til að bera saman störf í kerfinu. Borgarráð hefur nýverið samþykkt að setja á fót sjálfstæða starfseiningu á sviði jafnlaunamála, Jafnlaunastofu, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnlaunastofa mun m.a. hafa það hlutverk að styðja stjórnendur sveitarfélaga við að uppfylla jafnlaunaákvæði jafnréttis laga með ráðgjöf og fræðslu á sviði jafnlaunamála.

Það er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins taki höndum saman til að leiðrétta það misrétti sem er til staðar og útrýma launamun kynjanna. Reykjavíkurborg telur tillögur starfshópsins vel ígrundaðar og vel útfærðar. Tillögurnar stuðla í senn að aukinni þekkingu og fræðslu, samvinnu milli aðila vinnumarkaðarins og að þróuð verði verkfæri sem aðstoða atvinnurekendur við að uppfylla lagaskilyrði um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Borgin styður tillögurnar og hvetur stjórnvöld til að samþykkja þær og fylgja þeim eftir. Í lokin viljum við hnykkja á mikilvægi þess að nægjanlegt fjármagn sé sett í verkefnið til að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar

Sigríður Finnbogadóttir